

Íslandsmót einstaklinga m/ forgjöf 2011

Íslandsmót einstaklinga m/forgjöf 2011 verður haldið dagana 29. janúar - 03. febrúar 2011 í Keiluhöllinni.

Olíuburður auglýstur síðar.

Forkeppni laugardaginn 29. janúar, sunnudaginn 30. Janúar, mánudaginn 31. janúar, og þriðjudaginn 01. febrúar.

Spilaðir eru 8. leikir. 4. Leikir hvorn dag. Efstu 16 karlarnir og 12 konur halda áfram í milliriðil.

Verð í forkeppni kr. 6.000,-

Hægt er að velja milli tveggja rástíma:

Laugardaginn 29. janúar kl. 9:30 og sunnudaginn 30. janúar Kl. 9:30, eða mánudaginn 31. janúar kl. 19:00 og þriðjudaginn 01. febrúar kl. 19:00.

Milliriðill miðvikudaginn 2. febrúar kl. 18:00

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 8 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit.

Verð í milliriðil kr. 2.600.-

Undanúrslit fimmtudaginn 3. febrúar kl. 19:00

Spilað allir við alla, 8 karlar og 6 konur, einföld umferð.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Verð í undanúrslit kr. 4.500 karlar og 3.200 konur.

Úrslit fimmtudaginn 3. febrúar – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir teljast sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn). Ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráning fer aðeins fram á [heimasíðu](#) KLÍ. Það er ekki hægt að leika í báðum rástímum. Skráningu lýkur miðvikudaginn 26. janúar klukkan 22:00. Skráning þarf að innihalda nafn og kennitölu. Kennitalan sett í reitinn sem merktur er "team".

Posi verður á staðnum eins er hægt að greiða þátttökugjöld inn á reikning KLÍ áður en mót hefst. Reikningsnúmer er 1175-26-002930, kt. 460792-2159

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir. Mótanefnd KLÍ.